

### **Draugabærinn Hafnarfjörður.**

Nú er **HREKKJAVAKAN** á næsta leiti og við Hafnfirðingar ætlum að brydda upp á þeirri nýbreytni í annað sinn og halda íslenska hrekkjavökugleði í miðbæ Hafnarfjarðar dagana 28. okt. til

1. nóvember. **Draugabærinn Hafnarfjörður** er að festa sig í sessi sem árleg hátíð fyrir krakka á öllum aldri.

**Menningar- og listafélag Hafnarfjarðar** ásamt Miðbæjarsamtökunum, Firði Verslunarmiðstöð, Bókasafni Hafnarfjarðar, Skólamálastofa og æskulýðsráð Hafnarfjarðar, Pólska menningarsambandið, Myndform ofl ofl hafa tekið sig saman og ætla að breyta miðbæ Hafnarfjarðar í sannkallaðan draugabæ þessa daga og vera með allavega hræðilega dagskrá.

Dagskráin verði gerð að mestu með svipuðu sniði og í fyrra. Draugasögur, Dauðalist, Draugagöngur, skreytingar um allan miðbæ, Draugadískó, hryllingsmyndir fyrir alla aldurshópa í Bæjarbíó. Fáum Sirkus Íslands. Líkbíl fyrir göngu um bæinn í kring um hádegisdaga eða svo, Lúðra-Dauðaganga sem setur daginn fyrir börnin.

Erum með Lúðrasveit Verkalýðsins sem verður með rúmlega klukkutíma tónleika í Bæjarbíó á laugardeginum. Kl 14.00 og 17.00. Frítt inn á þá, Prógram samansett af tónlist úr þekktum hryllingsmyndum. Um Kvöldið mætir síðan Big Band Samúels J. Samúelssonar með Vúdúveislu í Bæjarbíó. Það mun kosta inn á þá tónleika.

Laugardagurinn 31. okt verður Aðal-draugadagurinn! **Halloween** dagurinn sjálfur.

Miðbærinn verði undirlagður af börnum og foreldrum í Nornaleit, stafa- og vísbendingaleikur fyrir alla. Leikurinn leiðir að norninni sem gefur (þeim sem þora) glaðning og allir fá miða í Draugadískó, nánar um staðsetningu á deginum sjálfum, það er leyndarmál. Krakkarnir verða að finna til að fá. Andlitsmálun og fleira fyrir börnin, Sirkús og mögulega ???

Það verða sem sagt nornir, draugar, skrímsli og aðrar forynjur sem leika munu lausum hala í Hafnarfirði þessa hræðilegu dimmu daga. Draugasögur og hryllingsmyndir. Tónleikar- og listviðburðir. Allt sem þarf til að gera lífið allvega hræðilegt.

Markaðsplan: Gert verði Bæjarbíóblað. A-3 brot 24 bls og 15.000 eintök. 10.000 af því fer í fjöldreiðingu í Hafnarfirði og afgangur um allt Höfuðborgarsvæðið. Opna í Séð og Heyrt sem kemur á föstudeginum 30. okt. 80.000 eintök sem dreift er um höfuðborgarsvæðið. Plaköt og útlagsauglýsingar eins og kostur er á. Kostnaður sem gæti verið í kring um rúmlega milljón með öllu. Blaðið er um 500þús (hægt að kaupa auglýsingar þar), Séð og H. 230þús, Sirkús 200þús. í Fyrri borgaði Mlh alla reikninga og rukkaði aldrei inn þáttökugjöld. Þannig að í ár verða allir duglegir og glaðir til þátttöku. Er það ekki bara???? Fólki má gjarnan koma með hugmyndir og tillögur að þeirra framlegð og hvað fólk er til í að gera. Allt galopið fyrir fé og hugmyndir!!!

Það eru enn að berast hugmyndir og verið að þrjúna saman verkefni og prógramm þannig að verið ófeimin við að koma með í þá vinnu líka og skjóta að hugmyndum að viðburðum og hræðilegum verkefnum.

Með vinsemd fyrir hönd Menningar- og listafélags Hafnarfjarðar.

Kristinn Sæmundsson.

Kiddi 860-0631

PS. Læt hér fylgja plakatið frá því í fyrra. Við verðum með nýja hönnun á þessu í ár. Og munið að allar hugmyndir eru vel þegnar. Sendið póst eða hringið.

<https://www.facebook.com/events/184451281887193/>

<https://www.facebook.com/draugabaer/photos/pb.1555020141381962.-2207520000.1444735376./1555957987954844/?type=3&theater>